

EYJAFJARÐARSVEIT

YTRI-VARÐGJÁ - HÓTEL

FYRIRSPURN UM MATSSKYLDU

Samantekt á umsögnum vegna fyrirspurnar um matsskyldu.

Svör framkvæmdaraðila og Landslags við umsögnum.

22. ágúst 2023

Veðurstofa Íslands

Veðurstofan bendir á að í greinargerðina vantar umfjöllun um náttúruvá. Í skýrslunni og við aðra skipulagsvinnu þarf að gera grein fyrir og meta áhrif vegna flóðahættu og gera grein fyrir hættu af völdum gróðurelda.

Upplýsingar um 100 ára flóð má sjá í þessum skýrslum:

https://vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/Ovedursflod_Skyrsla_VI2022-009.pdf

https://vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/Ovedursflod_Skyrsla_VI2022-009_Fylgiskjal.pdf

Svar:

Gert er ráð fyrir að gólfkóti kjallara verði um 0,5 m fyrir ofan hæstu sjávarstöðu. Gert er ráð fyrir dælubúnaði í kjallara sem öryggisvörn við flóðahættu.

Varðandi gróðurelda þá eru tvær flóttaleiðir frá fyrirhuguðu hóteli, annarsvegar um aðkomuveg að hótelinu og hinsvegar um strandstíg sem liggur til norðurs að Skógarböðunum og þjóðvegi nr. 1.

Fiskistofa – Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Vegna bágrar stöðu bleikju í Eyjafjarðará telur Fiskistofa rétt að fjallað verði um það sérstaklega hvort líkur séu á því að byggingin muni hafa áhrif á viðkomu bleikju.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33.gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Svar:

Þegar er landfylling innan svæðisins auk þess sem nokkrar landfyllingar eru við lónið sunnan við fyrirhugað hótél. Ekki er talið að lítil viðbótar landfylling hafi áhrif á viðkomu bleikju í lóninu eða Eyjafjarðará.

Öll fráveita frá fyrirhuguðu hóteli verður leidd í fyrirhugaða hreinsistöð norðan Þjóðarveggar nr. 1 en regnvatni frá bílastæði hótels verður veitt í sandgildru áður en því er veitt í lónið vestan bílastæðis. Vegna þessa er ekki talið að útfærsla fráveitu hafi áhrif á viðkomu bleikju í lóninu eða Eyjafjarðará.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra – Leifur Þorkelsson, heilbrigðisfulltrúi

Að mati HNE þarf að gera betur grein fyrir fyrirkomulagi fráveitu frá starfseminni. T.d. hvernig baðvatn frá viðbótarlaug við Skógarböðin verður meðhöndlað og hvort til standi að forhrensa fráveituvatn frá eldhúsi veitingastaðar í fitugildru áður en það fer í gegn um hreinsistöð. Einnig þarf að gera grein fyrir stærð veitingastaðarins, hvort til standi að hann verði einungis ætlaður gestum hótelsins eða hvort um verði að ræða opin veitingastað.

Þau atriði sem skýra þarf betur eru að mati HNE ekki þess eðlis að þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Svar:

Baðvatn frá viðbótarlaug fer eins og baðvatn frá núverandi laug í lögn sem liggur norður fyrir Þjóðveg nr. 1 og í sjó.

Fráveituvatn frá eldhúsi veitingastaðar mun fara í fitugildru áður en það fer í gegn um hreinsistöð.

Stærð veitingastaðarins er um 300 m² og rúmar um 200 manns. Hann mun vera almennur veitingastaður auk þess að sinna hótelinu.

Vegagerðin – Magnús Björnsson

Tryggja þarf að vegur að hóteli hafi ekki áhrif á vatnsskipti austan við Eyjafjarðarbraut eystri. Hanna þarf veg í samráði við Vegagerðina.

Vegagerðin telur nægjanlegar upplýsingar um þá þætti sem snúa að stofnuninni og að mat á umhverfisáhrifum bæti ekki neinu þar við.

Vegagerðina vantar á lista yfir leyfisveitendur en skv. vegalögum nr. 80/2007 þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis. Einnig þarf leyfi Vegagerðarinnar til að gera teningar við Þjóðvegi.

Svar:

Vinnuvegur að fyrirhuguðu hóteli frá Eyjafjarðarbraut eystri hefur þegar verið framkvæmdur að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins og samþykki Vegagerðarinnar. Lengd vegarins er um 200 m og er breidd hans um 6,5 m með vegöxlum auk vegfláa til beggja handa. Þrjú stór ræsi eru undir veginum þannig að vatnaskipti eru góð innan lónsins beggja megin vegarins. Sótt verður um til Vegagerðarinnar að vegurinn verði tenging við hótelið og tekinn inn á vegaskrá.

Eyjafjarðarsveit

Sveitarstjórn telur að framkvæmdartilkynningin geri góða grein fyrir framkvæmdinni og nefndin telur ekki tilefni til þess að framkvæmdin undirgangist umhverfismat. Sveitarstjórn telur að framkvæmdin sé háð annarsvegar framkvæmdaleyfi og hinsvegar byggingarleyfi sveitarfélagsins.

Svar:

Gefur ekki tilefni til svars.

Minjastofnun – Sædís Gunnarsdóttir, minjavörður Norðurlands eystra

Unnin var fornleifaskráning fyrir svæðið haustið 2022, sjá Hákon Jensson *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Syðri- og Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. 2022/9. Akureyri 2022. Skráðar voru tvær minjar innan skipulagssvæðisins:

Fornleifanúmer: 2848-01 óþekkt tóft

Fornleifanúmer: 2848-02, heimild um leið

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu raska báðum minjastöðum og er það Minjastofnunar Íslands að úrskurða um það hvort þeir megi víkja og þá hvaða mótvægisáðgerðir stofnunin fer fram á.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Svar:

Gefur ekki tilefni til svars.

Náttúrufræðistofnun Íslands – Snorri Sigurðsson, sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

Greint er frá helstu umhverfisáhrifum í greinargerð tilkynningar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er umfjöllun um líkleg áhrif á landslag og lífríki raunsæ og stofnunin tekur undir niðurstöðu matsins. Þrátt fyrir að óneitanlega verði neikvæð áhrif, einkum á ræktaðan skóg og umhverfi lónsins, með tilheyrandi búsvæðaskerðingu fyrir lífríki, er um þegar raskað svæði að ræða og svæðið í heild ekki metið með hátt verndargildi. Náttúrufræðistofnun leggur til að skoðað sé betur fuglalíf framkvæmdasvæðisins en að öðru leyti telur stofnunin framkvæmdina og líkleg áhrif hennar ekki vera þess eðlis að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

Svar:

Gefur ekki tilefni til svars.

Umhverfisstofnun – Björn Stefánsson og Rakel Sæmundsdóttir, sérfræðingar

Óshólmar Eyjafjarðarár eru á náttúruminjasrá og er verndargildi svæðisins talið vera mikið fuglalíf og sérstætt gróðurfar. Svæði er að mestu vestan við Eyjafjarðarbraut eystri.

Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að ætla að umrædd framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf fyrst og fremst að huga að fráveitu og sjónrænum áhrifum hótelsins. Fram kemur í greinargerð að reist verði hreinsivirki við hótelið og gerðar verða ítrustu kröfur til gerðar og virkni hreinsivirkis.

Hvað sjónræn áhrif varðar er gert ráð fyrir að byggja hótelið að hluta inn í skógi vaxna brekkuna til að milda áhrif á landslag. Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt verði að draga úr sjónrænum áhrifum bygginga á þennan hátt. Undanfarin ár hefur verið talsverð uppbygging á svæði sunnan Hringvegar og austan Eyjafjarðarbrautar eystri. Allar líkur eru á að þessi þróun muni halda áfram og að þarna verði áframhaldandi mannvirkjagerð þar með talin íbúðabyggð og með tímanum mun þetta svæði verða hluti þéttbýlis.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Svar:

Gefur ekki tilefni til svars.